

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1998 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 1998 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1997, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1998:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutafjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1998:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1998:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1998, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1997 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1998.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1998, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 6.300 á hverja íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	16.500
„	b)	kr.	33.000
„	c)	kr.	66.000
„	d)	kr.	132.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1998 7,00 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hríseyjarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald	kr. 6.000
B) Sumarhús	sorphirðugjald	kr. 3.000

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

C) Fyrirtæki	sorphirðugjald	kr. 800 pr.m ³
--------------	----------------	---------------------------

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er innheimt mánaðarlega samkvæmt reikningi. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.